

31.5.2022

Umsögn Geislavarna ríkisins um frumvarp til sóttvarnalaga.

Í frumvarpi til sóttvarna er tekið tillit til athugasemda sem Geislavarnir ríkisins þegar þegar málið var í samráðsferli. Hlutverk sóttvarnalæknis hefur verið skýrt þannig að það virkjast þegar sjúkdómseinkenna verður vart vegna geislavirkra efna, sjá greinargerð með frumvarpinu bls. 28. Það er til bóta.

Gerðar eru athugasemdir við skilgreiningu á smitsjúkdómi í 13. lið 4. greinar.

Smitsjúkdómur: Sjúkdómur eða ástand sem orsakast af sjúkdómsvöldum, svo sem smit-efni, örveru eða sníkjudýri og sem smitast frá, til eða milli fólks. Með smitsjúkdómi er enn fremur átt við sjúkdómseinkenni og alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar af völdum eiturefna og geislavirkra efna.

Í frumvarpinu hefur “sjúkdómseinkenni” verið bætt við seinni málslið orðskýringarinnar sem er til bóta.

Geislavarnir eiga erfitt með að skilja að heilsufarslegar afleiðingar (eiturefna og) geislavirkra efna séu skilgreindar sem smitsjúkdóm eins og gert er í frumvarpinu. Því er lagt til að “og alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar “ falli brott. Þannig verður hlutverk, verksvið og ábyrgð Sóttvarnalæknis og Geislavarna skýrara. Geislavarnir benda á að ákvæðið verður með þessum hætti í samræmi við það sem segir í reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna, nr. 221/2012, en þar eru „bráð sjúkdómseinkenni af völdum eiturefna og geislavirkra efna“ skilgreind sem tilkynningarskyldir sjúkdómar, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Að mati Geislavarna verður lagatextinn skýrari við bein tengsl sjúkdómseinkenna og smitsjúkdóma.

f.h. Geislavarna ríkisins

Sigurður M Magnússon

forstjóri